



UMHVERFIS  
STOFNUN

# Fjaðrárgljúfur

Stjórnunar- og verndaráætlun  
2024-2029

Skaftárhreppur – Náttúruvætti - 2024





UMHVERFIS  
STOFNUN

**Heiti skýrslu** Stjórnunar- og verndaráætlun - Fjaðrárgjúfur

**Útgáfunúmer** UST-2024:09

**Mánuður, ár** Júní, 2024

**Ritstjórar** Davíð Örvar Hansson og Ragnheiður B. Sigurðardóttir

**Útgefandi** Umhverfisstofnun

**Forsíðumynd** Unsplash

**Aðrar myndir** Unsplash

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

591 2000

ust@ust.is

ust.is



UMHVERFIS  
STOFNUN



UMHVERFIS  
STOFNUN

Leiðarljós fyrir áætlun  
þessa er að tryggja vernd  
ásýndar og náttúrufars  
Fjaðrárgljúfurs og næsta  
nágrennis þess.

# 1

## UMGJÖRÐ

*Um áætlunina*  
*Samráð við gerð stjórnunar og verndaráætlunar*  
*Fjaðrárgljúfur*  
*Kort af svæðinu*  
*Verndargildi og verndarflokkur*  
*Eignarhald og umsjón*  
*Stjórnsýsla og rekstur*  
*Skipulagsáætlanir*  
*Alþjóðlegar skuldbindingar*  
*Loftslagsþáttur*  
*Áskoranir og tækifæri*

# 2

## STAÐA, STEFNA OG LEIÐIR

*Áfangastaðir*  
*Ástandsmat*  
*Samstarfshópur*  
*Sjónarmið við skipulag*  
*Skilti*  
*Úrgangur*  
*Aðkomuleiðir og tengsl við áhrifasvæði*  
*Uppbygging innviða*  
*Aðgengi fyrir fatlaða*  
*Gönguleiðir og áningarstaðir*  
*Hjólreiðar*  
*Reiðleiðir*  
*Jarðminjar*

*Gróður, vistgerðir og jarðvegur*  
*Dýralíf*  
*Ágengar, framandi lífverur*  
*Menningarminjar*  
*Landbúnaður*  
*Veiðar*  
*Ferðaþjónusta og útivist*  
*Landvarsla*  
*Fræðsla og kynning*  
*Kvikmyndataka, viðburðir og samkomuhald*  
*Fjarstýrð loftför*  
*Öryggismál*  
*Rannsóknir og vöktun*

# 3

## SÉRREGLUR

# Um áætlunina

Markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið í Fjaðrárgljúfri er að móta framtíðarsýn og stefnu um verndun svæðisins og hvernig viðhalda skuli verndargildi þess til framtíðar. Einnig er markmiðið að samræma fjölbreytta hagsmuni þeirra sem nýta svæðið til landbúnaðar, ferðaþjónustu, útivistar og rannsókna með hag náttúru og mannlífs að leiðarljósi. Stjórnunar- og verndaráætlun þessi gildir í 5 ár og skal endurskoðun lokið eigi síðar en í lok árs 2029.

Í fyrsta kafla áætlunarinnar er samantekt á bakgrunnsupplýsingum og stjórnsýslu en í öðrum kafla eru settar fram upplýsingar um náttúruvættið auk þess sem stefna og markmið er sett fram. Með því að setja fram stefnu og markmið um viðhald verndargildis og uppbyggingar innviða getur almenningur og hagsmunaaðilar kynnt sér hvernig verndargildi svæðisins verður viðhaldið. Í þriðja kafla eru sérreglur sem gilda á grundvelli stjórnunar- og verndaráætlunar og stuðla að því að ekki sé gengið á verndargildi friðlýsta svæðisins. Aðgerðaáætlun fyrir náttúruvættið er gefin út sérstaklega samhliða stjórnunar- og verndaráætlun og endurspeglar þær framkvæmdir sem talið er að ráðast þurfi í til að varðveita verndargildi friðlýsta svæðisins. Framkvæmt er í samræmi við fjárveitingar- og eða tekjur á svæðinu hverju sinni.


Stjórnunar- og verndaráætlun er unnin í samvinnu við landeigendur, Skaftárhrepp, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og í opnu samráði við aðra hagsmunaaðila.

Áætlunin nær til þess lands sem fellur undir friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs, hún er sett fram í samræmi við 81. gr. laga [nr. 60/2013](#) um náttúruvernd og skal endurskoða fyrir árslok 2029 líkt og fyrr getur.

Fjaðrárgljúfur er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu [nr. 555/2024](#). Í áætluninni verður vísað til auglýsingarinnar sem friðlýsingarskilmála.

Samstarfshópin skipuðu

- fulltrúar frá Umhverfisstofnun
- fulltrúar landeigenda á Heiði í Skaftárhreppi
- fulltrúi frá Skaftárhreppi



## Samráð við gerð stjórnunar og verndaráætlunar

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga [nr. 60/2013](#) um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Stjórnunar- og verndaráætlun er ætlað að styðja stjórnendur hins friðlýsta svæðis í störfum sínum en mikilvægur þáttur til árangurs er náð samráð við þá sem þekkja svæðið best, koma að fjölbreyttri starfsemi, útivist eða eiga annarra hagsmuna að gæta innan- og við náttúruvættið.

Í upphafi kynningartíma á drögum að stjórnunar- og verndaráætlun var bréf sent á helstu samráðsaðila auk þess sem drögin voru auglýst opinberlega í maí 2024. Öllum athugasemdum og ábendingum var svarað í greinargerð sem birt er á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Fundargerðir og önnur gögn má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar.



# Fjaðrárgljúfur

Hluti Fjaðrárgljúfurs var friðlýstur sem náttúruvætti árið 2024 með auglýsingu í Stjórnartíðindum [nr. 555/2024](#).

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda gróður, sérstætt landslag, jarðmyndanir, vatnsfarveg og fossa. Gljúfrið hefur mikið vísinda- og fræðslugildi ásamt því að vera vinsæll viðkomustaður ferðamanna og útivistarsvæði.


Með vernduninni skal tryggt að jarðminjum, gróðri og ásýnd svæðisins verði ekki spillt og einkenni þess og sérkenni varðveitt þar sem svæðið er sérstætt á lands- eða heimsvísu. Hið verndaða svæði er varðveitt til náttúruupplifunar fyrir almenning og er kappkostað að gestum verði gert fært að njóta svæðisins án þess að skerða náttúruverðmæti og/eða upplifun annarra hópa. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum gilda ákveðnar reglur á verndarsvæðinu sem er að finna í auglýsingu [nr. 555/2024](#).

Sá hluti Fjaðrárgljúfurs sem fellur undir friðlýsingu er í landi Heiðar en mörk svæðisins til vesturs markast af landamerkjum Holts I og II. Nánari afmörkun má sjá á korti sem fylgir áætluninni, aðrar landupplýsingar m.a. hnit, má nálgast hjá Umhverfisstofnun.

Kort af hinu friðlýsta svæði má sjá [næstu síðu](#).

Upplýsingar og fróðleik um friðlýsta svæðið má finna á [heimasíðu Umhverfisstofnunar](#).






Holt

Heiði

Fjörðá



**M** Loftmyndir ehf



Fjaðrárgljúfur

 Mörk náttúruvættis

Flatarmál: 0,15 km <sup>2</sup>
Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
Hnattstaða: ISN93
Kortagerð: Ingibjörg M. Bjarnadóttir
Umhverfisstofnun, dags. 2.5.2024



# Verndargildi og verndarflokkur

Samkvæmt 48. gr. laga um náttúruvernd segir meðal annars um náttúruvætti: Friðlýsa má einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna og kallast þær náttúruvætti.

Friðlýsing Fjaðrárgljúfurs fellur vel að verndarmarkmiðum b. og c. liðar 1. mgr. 3. gr. laga [nr. 60/2013](#) um náttúruvernd. Þar kemur fram að markmið verndunar sé að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu auk þess að að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er.

Fjaðrárgljúfur er einstakt á landsvísu og geimir merka jarðsögu frá jökultíma þegar roföfl jökla og jökulfljóta skópu ásýnd svæðisins. Mikilvægt er að varðveita jarðminjar svæðisins fyrir komandi kynslóðir auk þess að varðveita ásýnd gljúfursins og landslag.

---

## IUCN

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóða náttúruverndarsamtakanna IUCN fellur náttúruvættið í flokk III.

Svæði í þessum flokki eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruminjar sem geta verið landslagsfyrirbæri, neðansjávarfjöll, neðansjávarhellisskútar, jarðminjar, svo sem hellar, eða jafnvel lifandi fyrirbæri eins og gamall skógarlundur.

Þetta eru jafnan einkar lítil verndarsvæði og hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.




# Eignarhald

Fjaðrárgljúfur er í einkalandi en sá hluti sem friðlýsing nær yfir er alfarið í landi Heiðar þar sem rekin er margvísleg ferðaþjónusta. Áætlunin er unnin í nánú samstarfi við fulltrúa landeigenda. Þá er unnið í nánú samstarfi og samráði við fagstofnanir í samræmi við 3. mgr. 81. gr. [laga nr. 60/2013](#) og aðra aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu.

Til þess að bestur árangur náist við framtíðarskipulag hefur verið leitað eftir viðtæku samráði þar sem sú leið hefur reynst árangursrík til þess að sátt skapist um framtíð svæðisins.

Stjórnunar-og verndaráætlun er ætlað að leggja grunn að sjálfbærri nýtingu friðlýsta svæðisins og styðja stjórnendur í störfum við rekstur og uppbyggingu.



# Stjórnsýsla og rekstur

Hluti Fjaðrárgljúfurs var friðlýstur árið 2024 með auglýsingu [nr. 555/2024](#) sem náttúruvætti, í samræmi 48. gr. laga [nr. 60/2013](#) um náttúruvernd. Stjórnsýsla á grundvelli friðlýsingar er á ábyrgð Umhverfisstofnunar.

Allar reglur sem gilda fyrir náttúruvættið má finna í friðlýsingarskilmálum þar sem settar eru reglur um verndun svæðisins, umferð, umgengni og nýtingu.

Önnur lög og reglugerðir er varða til að mynda uppbyggingu og skipulag halda gildi sínu innan friðlýsta svæðisins, þ.m.t. skipulagsvald sveitarfélaga sem og önnur stjórnsýsla Umhverfisstofnunar og leyfisveitingarvald annarra stofnanna eftir því sem við á.

Við friðlýsingu er gert ráð fyrir að samið verði um umsjón og rekstur svæðisins í samræmi við 85. gr. laga [nr. 60/2013](#) um náttúruvernd sem kveður á um að gerður sé sérstakur samningur sem ráðherra staðfestir. Enn fremur er kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, menntun starfsmanna og gjaldtöku, sbr. 2. mgr. 92. gr. Samningur samkvæmt þessu ákvæði felur ekki í sér vald til töku stjórnvaldsákvæðana.




# Skipulagsáætlanir

Í gildi eru skipulagsáætlanir sem hafa áhrif á stjórnun, verndun og nýtingu náttúruvættisins. Lögð er áhersla á að samræmi sé milli skipulagsáætlana og stjórnunar- og verndaráætlunar.

Áætlanir og uppbygging innan friðlýsta svæðisins skal ætíð vera í samræmi við viðeigandi lög svo sem skipulagslög [nr. 123/2010](#).

Í Skaftárhreppi er í gildi aðalskipulag frá árinu 2011 sem gildi til 2022. Tillaga að nýju aðalskipulagi hefur verið auglýst. Deiliskipulag er í gildi fyrir ferðamannasvæðið við Fjaðrárgljúfur frá 2013.

Deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.



# Alþjóðlegar skuldbindingar

Íslenska ríkið hefur undirgengist skuldbindingar á alþjóðlegum vettvangi m.a. á sviði náttúruverndar. Hér verður fjallað um þá samninga sem eiga við um náttúruvættið en nánari upplýsingar um alþjóðlega samninga á sviði náttúruverndar er að finna á [heimasíðu Umhverfisstofnunar](#).

- **Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Ríósamningurinn), fullgiltur árið 1995.**
- **Bernarsamningurinn um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu, fullgiltur árið 1993.**
- **Árósasamningurinn um upplýsingaskyldu stjórnvalda og þátttöku almennings til ákvarðanatöku í umhverfismálum sem fullgiltur var árið 2011.**
- **Landslagsverndarsamningur Evrópu sem ætlað er að stuðla að vernd og góðri stjórn í tengslum við landslag.**

Náttúruvættið er mikilvægt framlag Íslands til verndunar jarðfræðilegrar fjölbreytni og hefur hátt gildi fyrir landslagsvernd. Jafnframt er það mikilvægt fyrir útivist og lýðheilsu sem náttúrulegt svæði skammt frá þjóðvegi 1.

Með friðun svæðisins er lögð áhersla á vernd þeirrar flóru og fínu sem þar er.



# Loftslagsþáttur


Friðlýst svæði skipta mörg hver miklu máli þegar kemur að vistkerfisþjónustu. Hugtakið lýsir því hvernig virkni vistkerfa skapar mannfólki „þjónustu“ og lífsgrundvöll t.d. með hreinsun vatns og lofts, með sköpun verðmæta í náttúruauðlindum o.s.frv.

Vistgerðir skapa ólíka vistkerfisþjónustu, t.a.m. eru ákveðnar vistgerðir þekktar fyrir kolefnisbindingu á meðan aðrar hreinsa vatn og aðrar standa gegn náttúruvá.

Heilbrigð vistkerfi geta vegið upp á móti þeim áhrifum sem loftslagsbreytingar hafa og eru friðlýst svæði þessvegna talin mikilvæg aðgerð í baráttunni við loftslagsbreytingar.

## ***Tengsl við loftslagsþætti***

Fjaðrá rennur um Gljúfrið en í ánni er mikilvæg uppeldisstöð urriða fyrir vatnakerfi Skaftár. Gróðurfar einkennist af gras- og mólendi en svæðið í heild getur reynst góður mælikvarði á áhrif loftslagsbreytinga á lífríki vatnakerfa og gróðurfar.





# Áskoranir og tækifæri

Fjaðrárgljúfur er fjölsóttur ferðamannastaður sem hefur vaxið mikið í ásókn. Gróðurþekja svæðisins einkennist af graslendi og auðveldu aðgengi, þar af leiðir þá er auðvelt fyrir gangandi að fara hindrunarlaust um svæðið. Samhliða því er gróðurþekjan veik, þegar leysingar eða rigningar herja á getur gróðurþekja borið mikinn skaða af ferðum utan stíga.

Almenningur sækir mikið að gljúfurbarminum með tilheyrandi villustígum. Þegar göngustígar á svæðinu eru í slæmu ásigkomulagi og þeir illa afmarkaðir leitar fólk oft út fyrir stíga og veldur þannig gróðurskemmdum.

Gljúfrið lætur lítið yfir sér þar sem það skerst niður í landslagið og því getur mannvirkjagerð utan friðlýsta svæðisins haft áhrif á ásýnd auk þess sem ofan gljúfursins er að finna sethjalla gamals lóns sem eru menjar um myndunarsögu Fjaðrárgljúfurs.

Mikilvægt er að umferð gangandi fólks sé skýrt afmörkuð og að leitast verði við að ástand göngustíga sé ætíð gott svo takmarka megi að fólk leiti út fyrir stíga. Meta þarf þörf fyrir útsýnispalla eða útsýnisstaði við gljúfurbarma svo stýra megi umferð fólks á ákveðna staði fremur en að leitað sé út fyrir göngustíga að gljúfurbarminum.

Vanda þarf uppbyggingu utan svæðisins til að takmarka neikvæð áhrif á náttúruminjar og ásýnd náttúruvættisins.



## 2.

# Staða, stefna og leiðir




## 2. Staða, stefna og leiðir

**Í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, útskýra framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum.**

Kaflinn er settur upp þannig að fyrst er fjallað um hver staðan er á ritunartíma stjórnunar- og verndaráætlunar og svo er dregin fram stefna og nauðsynlegar aðgerðir, þegar það á við, til að ná verndarmarkmiðum. Vegna þess hve viðkvæmar jarðminjar og gróðurfar er að finna á svæðinu er lögð áhersla á stýringu umferðar gesta um svæðið.

Aðgerðaáætlun fylgir stjórnunar- og verndaráætluninni, og er endurskoðuð árlega.



# Áfangastaðir

Áfangastaðir á friðlýstum svæðum eru staðir sem hafa aðdráttarafl fyrir þá sem leita að upplifun á friðlýstum svæðum.

Áfangastaðir ná yfir staði upplifunar, gönguleiðir og aðkomusvæði t.d. bílastæði eftir því sem við á.

Áfangastaðir krefjast sérstakrar athygli í rekstri náttúruverndarsvæða en að þeim beinist fjármagn til uppbyggingar, þar er sérstök áhersla á landvörslu og þar er unnið ástandsmat til að meta hvort svæðin verði fyrir álagi eða tjóni vegna ágangs manna.

Fjaðrárgljúfur telst sem einn heildstæður áfangastaður en bílastæði eru utan friðlýsta svæðisins. Aðkomuleiðir eru tvær að gljúfrinu frá bílastæðum. Aðal aðkoman er sunnan við gljúfrið en önnur aðkoma er norðar og austan við gljúfrið með aðkeyrslu frá Lakavegi nr. F206.

## Stefna

*Uppbygging á áfangastöðum verður skipulögð og byggð upp til að anna þeirri umferð sem talin er æskileg á svæðinu.*

*Uppbygging skal falla vel að umhverfinu og ekki verða umfangsmeiri en þörf krefur.*

*Áhersla landvörslu beinist að stýringu umferðar um svæðið svo uppbygging geti verið hófleg án þess að umferð valdi tjóni.*



# Ástandsmat

Árlega skal vinna ástandsmat fyrir Fjaðrárgljúfur sem heildstæðan áfangastað í tengslum við gerð skýrslu Umhverfisstofnunar um ástand á friðlýstum svæðum. Umhverfisstofnun framkvæmir reglulega ástandsmat í Fjaðrárgljúfri við eftirlit sérfræðings og leggur þannig hlutlægt mat á árangur með umsjón svæðisins samhliða almennu samstarfi við landvörð á svæðinu og samstarfshóp.

Í ástandsmati er lagt mat á ástand náttúru og innviða sem gefur til kynna hvort bregðast þurfi við álagi á svæðið.

## Árlegar aðgerðir:

- **Ástandsmat unnið fyrir Fjaðrárgljúfur sem einn heildstæðan áfangastað.**

---

## Samstarfshópur

Samkvæmt 4. gr. auglýsingarinnar skal skipa samstarfshóp um málefni friðlýsta svæðisins. Hópurinn skal skipaður fulltrúa Umhverfisstofnunar, sem fer með formennsku og boðar til funda, fulltrúa landeigenda að Heiði og fulltrúa Skaftárhrepps.

Samstarfshópur um málefni náttúruvættisins skal funda eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Hlutverk hópsins er að samræma sýn aðila um framtíð og ástand svæðisins og stuðla að því að verndargildi svæðisins haldist. Þá á hópurinn einnig að fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu fyrir friðlýsta svæðið, samvinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum á henni og önnur stefnumótandi mál er varða verndarsvæðið.


Frekari upplýsingar um skyldur samstarfshóps er að finna í friðlýsingarskilmálum.

## Stefna

**Vinna skal að því eins og kostur er að sátt verði um stjórnun og verndun Fjaðrárgljúfurs og að hagsmunaaðilar standi saman við að viðhalda verndargildi þess.**

## Árlegar aðgerðir

- **Fundur samstarfshóps um málefni verndarsvæðisins.**



# Sjónarmið við skipulag

Allar nýframkvæmdir, þ.m.t. framkvæmdir í samræmi við skipulagsáætlanir innan friðlýsta svæðisins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Leitast skal við að samræmi sé á milli skipulagsáætlana og stjórnunar- og verndaráætlunar. Ekki er gert ráð fyrir að byggingar verði reistar innan friðlýsta svæðisins heldur lögð áhersla á göngustíga og útsýnispalla.

Innviðaupbygging svæðisins skal vera í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun og vera í þágu náttúruverndar og aðgengis fyrir gesti svæðisins.

Viðhald mannvirkja sem þegar eru innan friðlýsta svæðisins, sem eru í samræmi við gildandi skipulag og fyrirliggjandi teikningar er heimilt án leyfis Umhverfisstofnunar svo framarlega að framkvæmdir valdi ekki óafturkræfu raski á náttúrufari.

Framkvæmdir eru jafnframt háðar skipulagslögum og geta þannig verið háðar leyfi sveitarfélagsins, sem fer með skipulagsvald á svæðinu og annarra stofnana eftir atvikum.

## Stefna

***Við leyfisveitingar skal taka mið af því að innviðir sem reisa skal innan svæðisins falli sem best að svipmóti lands.***

# Skilti

Fræðsluskilti eru við upphaf gönguleiða. Skilti skulu upplýsa gesti svæðisins um að komið sé inn á friðlýst svæði ásamt því að veita upplýsingar um náttúrufar og sögu.

Hönnun og upplýsingar á skiltum skulu vera í samræmi við samræmda handbók um skilti - Vegrúnu.

## Stefna

*Skilti skulu hönnuð með það að markmiði að fræða gesti um náttúru, menningarminjar og vernd á svæðinu auk þeirra umgengnisregna sem þar gilda. Einnig skal tilgangur skilta vera að bæta öryggi gesta og upplýsa um góða og örugga ferðahegðun. Æskilegt er að endurnýja skilti á næstu árum.*

### Aðgerð

*Stefnt er að því að bæta við fræðslu- og upplýsingaskiltum við skilgreindar gönguleiðir og athyglisverða staði. Setja skal upp aðkomuskilti sem upplýsa fólk að það sé að koma að friðlýstu svæði. Þá skal stefnt að samstarfi við Minjastofnun Íslands um gerð skilta sem fræða um menningarminjar svæðisins.*

---


# Úrgangur

Enginn móttökustaður fyrir úrgang er innan friðlýsta svæðisins og taka gestir allan úrgang með sér út af svæðinu.

## Stefna

*Rekstraraðilar innan hins friðlýsta svæðis verði hvattir til að draga úr úrgangi eins og kostur er og flokka þann úrgang sem fellur til.*

*Gestir svæðisins og ferðaþjónustufyrirtæki skulu hvött til að draga úr úrgangi sem fellur til með því að nota ekki einnota umbúðir og taka allan úrgang með sér út af svæðinu og koma honum í viðeigandi meðhöndlun á móttökustöðum fyrir úrgang.*





# Aðkomuleiðir og tengsl við áhrifasvæði

Aðkoma að Fjaðrárgljúfri er um Holtsveg nr. 206 og Lakaveg nr. F206. Þjónusta er fyrir ferðamenn í nágrenni við náttúruvættið og er stefnt að áframhaldandi uppbyggingu í nágrenninu. Um Lakaveg er aðkoma að Lakagígum, sem er innan Vatnajökulspjóðgarðs en nokkur umferð er um veginn yfir sumartímann.

Gert er ráð fyrir að flestir sem sækja Fjaðrárgljúfur heim komi akandi að því en skipulagðar gönguleiðir liggja ekki að gljúfrinu.

## Stefna

*Merkingar verða samræmdar við aðkomu að svæðinu, við gönguleiðir og áningarstaði innan verndarsvæðisins.*

*Ekki er gert ráð fyrir umferð hjólandi eða ríðandi innan friðlýsta svæðisins en aðstöðu verður komið upp við aðkomuleiðir svo hægt sé að taka á móti ólíkum fararskjótum.*



# Uppbygging innviða

Innviðir svæðisins eru undir miklu álagi og er fyrirliggjandi þörf á endurbótum svo svæðið geti tekið á móti þeim fjölda ferðamanna sem sækir það heim. Umsjónaraðili svæðisins ber ábyrgð á uppbyggingu og viðhaldi innviða í samráði við Umhverfisstofnun.

Allar endurbætur og frekari uppbygging innviða og mannvirkja á svæðinu skulu falla vel að náttúru og umhverfi. Innviðir skulu stuðla að verndun svæðisins og gera móttöku og upplifun gesta sem heimsækja svæðið sem jákvæðasta. Jafnframt skulu innviðir stuðla að því að stýra umferð eins og kostur er. Öll uppbygging innan náttúruvættisins skal styðja við friðlýsingu þess og gæta skal þess að framkvæmdir rýri ekki verndargildi svæðisins.

Samkvæmt 25. gr. og 25. a. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 hefur Umhverfisstofnun heimild til að loka tímabundið viðkvæmum svæðum vegna gróðurverndar og/eða lífríkisverndar. Samráð skal haft, lögum samkvæmt, um slíka ákvörðun við Skaftárhrepp, landeiganda og fulltrúa ferðapjónustu og útivistarfólks.

Uppbygging innviða skal vera í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun.

## Stefna

*Við uppbyggingu skal leitast við að nýta umhverfisvænt efni eins og mögulegt er og lágmarka kolefnisspor.*

*Þess skal gætt að lita- og efnisval falli vel inn í umhverfi og staðhætti og fylgi eins og kostur er landslagi og línunum lands.*



# Aðgengi fyrir fatlaða

Gott aðgengi að umhverfi og náttúru felur m.a. í sér að fatlað fólk komist um án hindrana eða sérstakra ráðstafana. Í þessum kafla er þó fyrst og fremst fjallað um aðgengi hreyfihamlaðra þar sem ekki hefur verið mótuð stefna fyrir aðgengi fólks með annars konar fötlun. Umhverfisstofnun hefur unnið greiningu á aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk á friðlýstum svæðum. Í þeirri greiningu var stuðst við flokkunarviðmið sem Ferðamálastofa gaf út í samvinnu við ÖBÍ réttindasamtök, Ferðapjónustu bænda, Ferðamálasamtök Íslands og Samtök ferðapjónustunnar.

Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er takmarkað innan náttúruvættisins, malarstígar liggja um svæðið. Frá bílaplani við Lakaveg, er hallalítið landslag að útsýnispalli við gljúfrið og hefur leiðin verið skilgreind sem fær hjólastjólum með aðstoð.

## Stefna

*Stefnt er að því að viðhalda góðu aðgengi um svæðið fyrir þá sem þangað sækja.*

*Áfram verður miðað við að aðgengi fyrir hreyfihamlaða verði bætt frá efra bílastæði að norðan, við Lakaveg.*

*Bílastæði verði sérmerkt fyrir hreyfihamlaða við efra bílastæði að norðan, við Lakaveg sem staðsett er utan friðlýsta svæðisins.*



# Gönguleiðir og áningarstaðir

Aðal aðkomustaður ferðamanna að Fjaðrárgljúfri er um bílastæði sunnan við minni gljúfursins. Þaðan liggur göngustígur í gegnum svæðið að bílastæði sem er norðarlega við gljúfrið að austan. Gestum svæðisins ber að fylgja merktum gönguleiðum skv. friðlýsingarskilmálum.

Við aðalbílastæði er áningastaður fyrir ferðamenn auk þjónustuaðstöðu og salerna. Leitast er við að skapa gestum svæðisins upplifun af ásýnd gljúfursins með völdum útsýnisstöðum. Við gönguleiðina um svæðið eru þrjár útsýnisstaðir þar af er einn tvískipur útsýnispallur við efsta hluta svæðisins.

Ekki er gert ráð fyrir almennri umferð göngufólks um gljúfrið sjálft enda engar merktar gönguleiðir. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum er veiðimönnum heimilt að ganga um gljúfrið.

Mikið vatnsálag hefur verið við gönguleiðir við Fjaðrárgljúfur og þarf uppbygging að taka mið af þeim aðstæðum.

Kort með skilgreindum gönguleiðum má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

## Stefna

**Skilgreindum gönguleiðum skal vera vel viðhaldið, þær vel merktar og skilgreindar á korti við aðkomuleiðir.**

**Ráðist verður í endurbætur á gönguleið meðfram Fjaðrárgljúfri í samræmi við aðgerðaráætlun svo stígurinn beri þá umferð sem um hann fer og náttúru svæðisins verði hlíft fyrir umgengni utan stíga.**

**Gerð verði greining á þörf fyrir frekari uppbyggingu útsýnispalla og hvort fjölga þurfi útsýnisstöðum.**

**Útsýnispallar og gönguleiðir skulu ætíð vera hannaðir með tilliti til þess að dregið sé úr ásýnd innviða og að þeir séu í þágu náttúruverndar.**

## Árlegar aðgerðir

- **Gönguleiðum skal vel við haldið og þær yfirfarnar.**



# Hjólreiðar

Samkvæmt friðlýsingarskilmálum eru hjólreiðar eingöngu heimilar á skilgreindum hjólaleiðum. Þó er heimilt að reiða hjól um gönguleiðir innan náttúruvættisins. Engar skilgreindar hjólaleiðir liggja í gegnum svæðið.

## Stefna

*Metin skal þörf fyrir skilgreiningu reiðhjólaleiða og endurskoða aðgerðaráætlun í samræmi við það.*

*Landeigendur stefna á að útbúin verði aðstaða til að geyma hjól og læsa þeim við aðkomu að svæðinu að sunnan, utan friðlýsta svæðisins.*

# Reiðleiðir

Ríðandi mönnum er óheimil för um svæðið samkvæmt friðlýsingarskilmálum.

## Stefna

*Metin skal þörf fyrir aðstöðu fyrir hestamenn við aðkomu utan friðlýsta svæðisins.*



# Jarðminjar

Fjaðrárgljúfur er um 1,5 km á lengd og mesta dýpt um 100 m. Það er gott dæmi um virk ferli landmótunar sem hófst í lok síðustu ísaldar fyrir um 10.000 árum og er enn í gangi.

Ofan við Fjaðrárgljúfur eru malarhjallar sem benda til þess að jökullón hafi myndast fyrir framan hörfandi jökul og vegna fyrirstöðu sem lá efst í núverandi gljúfri. Lónið hefur fyllst tiltölulega fljótt upp af framburði, en vatnsmiklar og aurugar jökulár áttu síðar auðvelt með að rjúfa sér farveg í undirliggjandi berggrunn úr móbergi.

Innst í Fjaðrárgljúfri eru fossar og þó að Fjaðrá sé mun kraftminni en vatnsmiklu jökulárnar í lok ísaldar, þá er landmótun gljúfursins enn í gangi (Snæbjörn Guðmundsson, 2015).

## Stefna

*Jarðminjar innan náttúruvættisins skulu verndaðar og fá að þróast á eigin forsendum.*

*Leitast skal við að hafa jarðminjar svæðisins sýnilegar í upplifunar- og fræðsluskyni t.d. með því að hreinsa gróður frá klettamyndunum ef þörf er á í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar stofnanir eftir því sem við á, í samræmi við stefnu um gróður, vistgerðir og jarðveg.*

# Gróður, vistgerðir og jarðvegur

Gróður í og við Fjaðrárgljúfur einkennist af gras- og mólendi skv. vistgerðagreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands en fleiri vistgerðir eru innan friðlýsta svæðisins þ.m.t. moslendi. Líkt og fram kemur í kafla um áskoranir er gróðurþekja viðkvæm og mikilvægt að draga úr álagi á gróðurþekju vegna umferðar gangandi fólks innan svæðisins.

Jarðvegur ríkjandi vistgerða er almennt talinn áfoksjarðvegur, í meðallagi þykkur en einnig finnst lífrænn jarðvegur.

## Stefna

*Vernda skal gróður og vistgerðir innan náttúruvættisins og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir jarðvegsrof og gróðurskemmdir af völdum ágangs með stýringu umferðar. Í stýringu felst meðal annars gerð göngustíga, uppsetning girðinga og leiðbeinandi skilta.*

*Ekki skal vinna á móti náttúrulegri framvindu gróðurs á svæðinu nema í því skyni að vernda ásýnd jarðminja og/eða til verndar líffræðilegri fjölbreytni að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar stofnanir eftir því sem við á, í samræmi við stefnu um jarðminjar.*

# Dýralíf

Dýralíf innan friðlýsta svæðisins hefur að litlu leyti verið greint. Fyrirliggjandi skýrsla frá Veiðimálastofnun um vatnalíf og veiðinytjar á áhrifasvæði fyrirhugaðrar Búlandsvirkjunar. Þar kemur fram að Fjaðrá er mikilvæg uppeldisstöð urriðaseiða á svæðinu (Bls. 21). Aðrar dýrategundir eru þekktar á svæðinu s.s. mófuglar, hagamýs ásamt því sem minkur hefur verið innan svæðisins.

---


## Ágengar framandi lífverur

Framandi ágengar plöntutegundir er ekki að finna innan náttúruvættisins en þær eru þó þekktar í nágrenni þess. Minkur hefur verið veiddur innan náttúruvættisins en um minkaveiðar fer samkvæmt ákvörðunum sveitarfélagsins og í samræmi við 13. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og reglugerð nr. 437/1995 um refa- og minkaveiðar.

Óheimilt er að dreifa framandi tegundum á svæðinu og vinna skal gegn útbreiðslu þeirra.

### Árlegar aðgerðir

- **Vöktun á framgangi ágengra tegunda plantna og skal stuðla að upprætingu þeirra eftir þörfum.**





# Menningarminjar

Vernd menningarminja fer samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 en tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Í lögnum er m.a. fjallað um friðun og friðlýsingu menningarminja, skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja við skipulag og undirbúning framkvæmda og bann við að spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað menningarminjar nema með leyfi Minjastofnunar. Það er ávallt á ábyrgð framkvæmdaraðila að kynna sér og að fara eftir þeirri löggjöf sem kann að gilda, m.a. lögum um menningarminjar og gæta þess að ákvæði laga séu virt.

Skv. 16. gr. laga um menningarminjar ber að skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi, deiliskipulagi og raflínuskipulagi. Þá er óheimilt að veita leyfi til framkvæmda nema að undangenginni skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja. Skipulags- sem og framkvæmdaráform þurfa að berast stofnuninni til umsagnar til að hægt sé að meta hvort kalla þurfi eftir frekari skráningu eða mótvægisáðgerða vegna menningarminja.

Samkvæmt 23. gr. laga um minjavernd hafa Minjastofnun og Umhverfisstofnun samráð þegar fjallað er um blandaðar minjar, þ.e. menningarminjar sem einnig teljast til náttúruminja og samkvæmt 39. gr. laga um náttúruvernd skulu stofnanirnar hafa samráð við friðlýsingar landslagsverndarsvæðis á grundvelli menningarlegs gildis.

Minjar eru nokkrar í nágrenni við Fjaðrárgljúfur en lítið er þekkt innan friðlýsta svæðisins sjálfs. Ekki er til staðar fullnægjandi fornleifaskráning fyrir svæðið en slík skráning myndi auðvelda allar ákvarðanir varðandi framkvæmda- og skipulagsmál.

## Stefna

***Metin verði þörf fyrir minjaskráningu á svæðinu í samstarfi Minjastofnunar, landeigenda og Umhverfisstofnunar.***

# Landbúnaður

Hefðbundinn landbúnaður er ekki stundaður á jörðum er eiga land að Fjaðrárgljúfri en svæðið á sér landbúnaðarsögu. Skammt frá gljúfrinu eru gömul tún og beitarrhólf. Beit er lítil á svæðinu.

## Stefna

*Stuðla skal að því að öll landnýting verði með sjálfbærum hætti, að nýting náttúruauðlinda skerði ekki náttúrufar svæðisins.*

*Sauðfjárbætt skal vera sjálfbær og ekki valda jarðvegsrofi eða gróðurskemmdum.*

---

## Veiðar

Silungsveiði er í Fjaðrá og fara landeigendur með umsjón með veiðum. Skotveiði er heimil í samræmi við lög þar um. Refa- og minkaveiði er stunduð í samræmi við ákvarðanir Skaftárhrepps hverju sinni í samræmi við kafla um framandi ágengar lífverur.

## Stefna

*Veiðar innan náttúruvættisins skulu vera sjálfbærar og ekki valda truflun á upplifun gesta svæðisins.*

*Stuðla skal að góðri umgengni um náttúru verndarsvæðisins við skotveiðar, koma í veg fyrir að skotfæri séu skilin eftir á víðavangi og ekki sé ekið utan vega.*

*Stuðla skal að góðri umgengni við veiðar í ám og komið skal í veg fyrir að veiðarfæri séu skilin eftir á víðavangi.*



# Ferðapjónusta og útivist

Náttúruvættið Fjaðrárgljúfur er vinsæll viðkomustaður ferðamanna allan ársins hring. Athygli beindist að svæðinu í auknu mæli eftir að gljúfrið var vettvangur tónlistarmyndbands sem fór um alla heimsbyggðina.

Sumir gesta svæðisins leitast við að komast á staði sem bjóða upp á stórbrotið útsýni yfir gljúfrið til myndatöku á meðan aðrir láta sér nægja að horfa yfir stórskorið gljúfrið.

Fjaðrárgljúfur er afmarkaður áfangastaður en einhverjir koma þar við á leið sinni í Lakagíga en langstærsti hluti gesta kemur akandi á staðinn og stoppar í takmarkaðan tíma. Ferðapjónustufyrirtæki koma mörg hver á staðinn með gesti sína á ferð um suðurland.

Óheimilt er að slá upp og gista í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum og öðrum sambærilegum búnaði innan náttúruvættisins. Gestir sem heimsækja náttúruvættið skulu sýna ábyrga ferðamennsku og virða friðhelgi náttúrunnar.

## Stefna

***Stuðla skal að jákvæðri upplifun þeirra sem njóta náttúru Fjaðrárgljúfurs. Markmiðum skal ná með því að hafa nýtingu auðlinda svæðisins sjálfbæra, að uppbygging innviða verði í takti við verndarmarkmið og séu til þess fallnir að taka á móti gestum.***

***Til þess að hægt sé að vinna að verndarmarkmiðum og viðhalda góðri upplifun gesta er mikilvægt að stýring umferðar á svæðinu sé skýr. Stýring umferðar um svæðið getur verið fólgin í því að styrkja innviði, takmarka fjölda gesta, takmarka hópastærðir eða hafa einstefnu á gönguleiðum svo dæmi séu nefnd.***


***Einnig getur verið nauðsynlegt að loka ákveðnum svæðum tímabundið þegar jarðvegur er blautur og gróður viðkvæmur fyrir ágangi eða þegar aðrar aðstæður krefjast þess.***



*Miklu skiptir að allir gestir svæðisins séu upplýstir um hættur á svæðinu og um viðkvæmt náttúrufar þess. Lykillinn að þessu er opið samráð, virkt samstarf og upplýsingagjöf milli landeigenda, landvarða, Umhverfisstofnunar, ferðaþjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila.*

## **Markaðssetning**

Öll markaðssetning á náttúruvættinu skal vera í samræmi við markmið verndunar þess. Villandi markaðssetningu sem hvetur til slæmrar umgengni, brota á reglum svæðisins eða stríðir gegn verndarmarkmiðum þess skal tilkynna til Neytendastofu.



# Landvarsla

Landvarsla skal vera til staðar til verndar náttúru. Landverðir annast rekstur og umsjón í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun, sinna fræðslu og fara með eftirlit.

Meðal annarra hlutverka landvarða er að bæta öryggi gesta, fræða un náttúru og sögu ásamt því að veita upplýsingar um náttúruvættið.

Landvarsla innan náttúruvættisins fer eftir þörfum og í samræmi við aðstæður á staðnum. Með landvörslu næst árangur til bættrar stýringar í þágu náttúruverndar auk þess að auka á ánægju þeirra sem um svæðið fara.

Landverðir innan náttúruvættisins eiga að uppfylla kröfur sem gerðar eru til landvarða og skulu hafa lokið námskeiði í landvörslu á vegum Umhverfisstofnunar, eða námi sem Umhverfisstofnun metur gilt. Landvörður skal hafa gild fyrstu hjálpar réttindi og klæðast einkennisfatnaði við störf sín.

Störf landvarða eru skilgreind í 80. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Svæðissérfræðingur Umhverfisstofnunar hefur yfirumsjón og eftirlit með náttúruvættinu. Eftirlit fer fram með reglulegu ástandsmati, samstarfi milli svæðissérfræðings og landvarðar sem og á vettvangi samstarfshóps.

Landvarsla er nánar skilgreind í umsjónarsamningi.

## Stefna

*Tryggja þarf öfluga landvörslu á svæðinu en Umhverfisstofnun telur það eina áhrifaríkustu leiðina til að vinna að náttúruvernd, bættri stýringu, auknu öryggi og jákvæðari upplifun gesta.*

*Sérfræðingur Umhverfisstofnunar ástandmetur svæðið árlega en mat á ástandi náttúrufars og innviða gefur vísbendingu um árangur af landvörslu á svæðinu.*



# Fræðsla og kynning

Landverðir sinna fræðslu og upplýsingagjöf við Fjaðrárgljúfur. Þegar við á er boðið upp á skipulagðar fræðslugöngur eða tekið á móti skólahópum ef þess er óskað.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er fræðsluefni aðgengilegt um friðlýsta svæðið á íslensku og ensku.

Við aðal aðkomusvæði gljúfranna er lögð áhersla á að veita upplýsingar og fræðslu um svæðið t.d. með skiltum, sjá nánar í kafla um skilti.

## Stefna

*Umsjónaraðilar stuðli, í samstarfi við samstarfshóp náttúruvættisins, að öflugri fræðslu um svæðið, lífríki þess og náttúru, menningarminjar, verndargildi og umgengnisreglur sem þar gilda.*

*Stefnt skal að því að gera fræðsluáætlun fyrir verndarsvæðið í samvinnu við Minjastofnun og auka fræðslu.*

*Á heimasíðu Umhverfisstofnunar skal fræðsla um svæðið vera uppfærð eftir þörfum, bæði á íslensku og ensku.*

## Árlegar aðgerðir

- *Boðið verði upp á fræðslugöngur með landverði eða annarskonar fræðslu í samræmi við eftirspurn.*

# Kvikmyndatökur, viðburðir og samkomuhald

Undanfarin ár hefur áhugi á kvikmynda- og ljósmyndatökum, listviðburðum og samkomuhaldi innan friðlýstra svæða á Íslandi aukist. Verkefni og athafnir af þessu tagi geta haft í för með sér neikvæð áhrif á lífríki og umhverfi og eru því leyfisskyld sé talin hætta á raski sbr. 13. gr. friðlýsingarskilmála. Leyfishafar hlýta leiðbeiningum, skilyrðum, og eftir atvikum, eftirliti Umhverfisstofnunar eða umsjónaraðila svæðisins.

## Stefna

*Kvikmyndataka, viðburðir eða samkomuhald sem talið er að hafi áhrif á verndargildi svæðisins, t.d. gróðurfar, dýralíf eða jarðmyndanir, er leyfisskyld til Umhverfisstofnunar.*

---

## Fjarstýrð loftför

Vinsælt er að fljúga fjarstýrðum loftförum til að mynda náttúru svæðisins úr lofti. Flug getur valdið gestum svæðisins truflun ásamt því að geta truflað dýralíf. Um notkun og stjórnun fjarstýrðra loftfara fer skv. reglugerð um fjarstýrð loftför nr. 990/2017.

## Stefna

*Friðhelgi dýralífs og góðri upplifun gesta svæðisins skal vera gætt með leiðbeinandi reglum um flug fjarstýrðra loftfara.*

*Forðast skal að valda gestum truflun með flugi fjarstýrðra loftfara á háannatíma ferðamennsku eða á þekktum varpsvæðum fugla.*

# Öryggismál

Lögreglustjórnin á Suðurlandi fer með yfirstjórn og ber ábyrgð á leit og björgun við Fjaðrárgljúfur. Ásamt því að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglum er lögð áherslu á eftirlit með utanvegaakstri og öðrum náttúruspjöllum. Björgunarsveitin Kyndill á Kirkjubæjarklaustri er fyrsti viðbragðsaðili á svæðinu. Landverðir veita upplýsingar og fræðslu til ferðamanna sem á svæðinu. Allir landverðir eru með Tetra stöð og geta haft samskipti við aðra landverði utan friðlýsta svæðisins sem og björgunarsveit. Umhverfisstofnun hefur unnið öryggisáætlun fyrir friðlýst svæði og unnið er að áhættumati fyrir friðlýsta svæðið þannig að unnt verði að staðfæra öryggisáætlunina að svæðinu.

## Stefna

*Með fræðslu og forvörnum er hægt að stuðla að öryggi ferðamanna.*

*Góð stýring umferðar um náttúruvættið eykur öryggi ferðamanna. Landverðir skulu ávallt hafa fyrstuhjálparbúnað innan seilingar. Unnið verður að áhættumati fyrir svæðið þannig að unnt verði að staðfæra öryggisáætlunina að svæðinu. Í öryggisáætlun eru upplýsingar um hvernig bregðast á við slysum og almannavarnaráætlanir vegna náttúruvár. Þegar gefnar eru út veðurvíðvaranir frá Veðurstofu Íslands skulu landverðir bregðast við þeim með því að upplýsa gesti á svæðinu með beinum eða óbeinum hætti.*

### Árlegar aðgerðir

- Öryggis- og neyðarbúnaður yfirfarinn.



# Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Árið 2019 hófst samvinna Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs, Þingvallabjörggarðs og náttúrustofa um gerð vöktunaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði, þ.m.t. friðlýst svæði, og er hún unninn samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Vöktunaráætlun fyrir náttúruverndarsvæði mun fela í sér forgangsröðun svæða og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Fjaðrárgljúfur en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun. Á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna frekari upplýsingar um vöktunina.

Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 8 gr. friðlýsingar.

Ferðamálastofa heldur úti talningu á fjölda ferðamanna sem sækja Fjaðrárgljúfur heim og eru niðurstöður birtar á [Mælaborði Ferðaþjónustunnar](#).

## Stefna

*Mikilvægt er að telja fjölda gesta sem heimsækja ár hvert til að hægt sé að gera áætlanir um áherslur í verndun svæðisins, þolmarkagreiningu, uppbyggingu innviða og landvörslu.*

## Árlegar aðgerðir

- *Teljarar skulu kvarðaðir og viðhaldið í samráði og samstarfi við Ferðamálastofu.*



### 3.

## Sérreglur

Þessi sérreglur eru settar til að tryggja gæðu og samræmi í vinnu.

1. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn.

2. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn.

Þessi sérreglur eru settar til að tryggja gæðu og samræmi í vinnu.

1. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn.

2. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn.

3. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn.

4. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn.

5. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn.

6. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn.


7. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn.

8. **Áhrif** - Þessi sérreglur hafa áhrif á alla starfsmenn.

# Sérreglur

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:


**1. Umsjónaraðila svæðisins, í samstarfi við Umhverfisstofnun er heimilt að loka tímabundið gönguleiðum eða takmarka umferð vegna verndunar gróðurs og jarðminja eða þegar leiðin er ekki fær og beina gestum um aðrar leiðir ef þess er kostur. Samráð skal haft um slíka ákvörðun við hlutaðeigandi sveitarfélag, fulltrúa ferðaþjónustu og útivistarfólks. Sérregla þessi er til stýringar og álagsminkunar á svæðinu en vegna víðtækari lokunar, t.d. lokunar svæðisins í heild verður að koma til lokun Umhverfisstofnunar á grunvelli 25. gr. a. í lögum um náttúruvernd.**





# Heimildaskrá

1. Snæbjörn Guðmundsson 2015: Vegvísir um jarðfræði Íslands. Mál og menning, Reykjavík, bls. 182-183





UMHVERFIS  
STOFNUN





UMHVERFIS  
STOFNUN